



Ársskýrsla Fjölbrautaskólans í Garðabæ 2024

Apríl 2024

Kristinn Þorsteinsson

Efnisyfirlit

1	Hlutverk Fjölbrautaskólans í Garðabæ	3
1i	Markmið Fjölbrautaskólans í Garðabæ	3
2	Stefnuskjal til þriggja ára	4
3	Starfsemi skólaárið 2024	6
3.i	Mið- og vorönn 2024	6
3.ii	Haust- og miðönn 2024	7
4	Foreldraráð og samskipti við forráðamenn	8
5	Sjálfsmat	9
6	Námsframboð	10
7	Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna	10
7.i	Stærð húsnæðis	10
7.ii	Fjöldi nemenda í dagskóla 2014-2024	11
7.iii	Brotthvarf dagskólanemenda vor og haust árin 2014–2024	11
7.iv	Kynjaskipting á haustönn í dagskóla frá 2015-2024	12
7.v	Dreifing dagskólanemenda á bæjarfélög eftir sveitafélögum haust 2024	12
7.vi	Meðalstærð námshópa í dagskóla 2018-2024	13
8	Starfsfólk	13
8.i	Skólanefnd FG	13
8.ii	Starfsheiti, fjöldi og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kynjum í árslok 2024	13
8.iii	Fjöldi stöðugilda skipt eftir kennurum, stjórnendum og öðrum starfsmönnum	14
8.iv	Yfirstjórn skólans 2024	14
8.v	Aðrir stjórnendur 2024	14
8.vi	Kynjaskipting starfsfólks 2024	14
8.vii	Kennsluhættir í FG	14
9	Alþjóðasamstarf Fjölbrautaskólans í Garðabæ skólaárið 2022-2024	15
10	Fjármál skólans	16

1 Hlutverk Fjölbrautaskólans í Garðabæ

Hlutverk Fjölbrautaskólans í Garðabæ er að bjóða nemendum upp á góða menntun og efla alhliða þroska þeirra svo þeir geti tekið virkan þátt í samfélaginu, starfi, frekara námi og leik.

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ mun leitast við að:

- Bjóða upp á fjölbreytt og gott nám, bæði bóklegt og verklegt.
- Hvetja nemendur til stöðugar þekkingarleitar og þjálfar þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum.
- Auka víðsýni nemenda, efla frumkvæði þeirra og þjálfar þá í gagnrýnni hugsun.
- Efla ábyrgðarkennd nemenda, sjálfstraust þeirra, háttvísi og umburðarlyndi.
- Þjálfar nemendur í að njóta menningarlegra verðmæta.
- Stuðla að því að nemendur temji sér heilbrigðan lífsstíl.

1i Markmið Fjölbrautaskólans í Garðabæ

Meginmarkmið skólans er að námið stuðli að alhliða þroska nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi.

Að vera eftirsóttur vinnustaður fyrir nemendur og starfsfólk.

Til að skólinn uppfylli hlutverk sín og nái markmiði sínu eru eftirfarandi stefnur, áætlanir og reglur í gildi. Þessar stefnur og reglur eru endurskoðaðar reglulega:

Stefnur:

- [Stefnuskrá Fjölbrautaskólans í Garðabæ](#)
- [Heilsustefna](#)
- [Jafnréttisstefna](#)
- [Loftslagsstefna](#)
- [Persónuverndarstefna](#)
- [Starfsmannastefna](#)
- [Stefna skólans í forvörnum](#)
- [Stefna og viðbragðsáætlun FG gegn einelti og hverskyns ofbeldi](#)
- [Umhverfisstefna/Samgöngustefna](#)

Áætlanir

- [Barnavernd](#)
- [Stefna og viðbragðsáætlun FG gegn einelti og hverskyns ofbeldi](#)
- [Endurmenntunaráætlun](#)
- [Jafnréttisáætlun](#)
- [Viðbrögð við samskiptavanda](#)
- [Viðbragðsáætlun FG](#)

Reglur

- [Skólareglur](#)
- [Reglur um skólasókn](#)
- [Reglur skólans varðandi vímuefni](#)
- [Prófreglur](#)
- [Reglur um skóladansleiki](#)
- [Reglur um veikindi](#)
- [Reglur um skráningu nemenda](#)
- [Reglur um nemendaferðir](#)
- [Reglur um mat/stöðupróf á erlendri tungumálakunnáttu](#)
- [Reglur um notkun á tölvubúnaði](#)
- [Umgengnisreglur](#)

2 Stefnuskjal til þriggja ára

Síðast var lagt fram stefnuskjal í nóvember 2024. Það var gert með breyttum hætti og var skilað inn rafrænt á vefkerfi Akra. Stefnuskjalið var samþykkt hjá mennta- og barnamálaráðuneytinu. Sú stefnumarkmið eiga við árin 2025 til 2027. Í nóvember 2023 var lögð fram stefnuáætlun fyrir árið 2024 og verður hér á eftir litið á þau markmið og farið yfir hvernig hefur gengið.

Varðandi kjarnastarfsemi voru lögð fram tvö markmið.

1. **Hækka hlutfall þeirra sem ljúka námi á tilsettum tíma.** Markmið fyrir árið 2024 er að 62% nema sem eru enn í skólanum og innrituðust vorið 2021 brautskráist á þremur árum. Viðmið fyrir árið 2026 er 66%.

Niðurstaða fyrir árið 2023 62%

Niðurstaða fyrir árið 2024 69,7%

Við þetta má bæta að dregið hefur úr vægi þessa markmiðs. Mikil umræða er um lengd náms til stúdentsprófs í samfélaginu og í skólanum eru nemendur hvattir til að taka sér lengri tíma ef þess er þörf. Ef horft er til nemenda sem iðka mikið íþróttir þá er óraunhæft að nemendur geti í öllum tilfellum lokið námi á þremur árum. Jafnframt er rétt að hafa í huga að fjárveitingar til skólans miða við að nemendur ljúki 60 einingum á ári. Nemandi sem lýkur námi á þremur árum þarf að ljúka 67,3 einingum á ári.

Annar mælikvarði með þessu markmiði var að fækka þeim sem hætta námi á árinu. Það er mælt með því að telja þá sem eru skráðir hættir í Innu á síðustu þremur önnum. Sjá má niðurstöðu um brottfall í kafla 7.iii og þróun síðustu ára.

Verkefni og aðgerðir vegna markmiðsins voru:

- **Þróun þriggja ára kerfisins.** Er viðvarandi og er mikil ánægja hjá nemendum með þriggja ára kerfið. Þriggja ára kerfið er orðin hluti af skólanum og hefur áhrif á aðsókn að skólanum.
- **Námskeið fyrir nemendur í upphafi skólagöngu í FG, í upplýsingatækni, námstækni, forvörnum o.fl..** Þetta er tilkomið vegna ábendinga kennara um slaka tölvukunnáttu nemenda. Þetta námskeið var haldið í annað sinn haustið 2024 og

tókst vel. Nú er rætt um hvort að það þurfi að bæta í og gera tölvukennslu hluta af námi í lífsleikni. Verður það skoðað fyrir haustið 2025.

- **Aukin áhersla á þróun náms og kennslu.** Þetta er stöðugt í vinnslu og má sjá nánar í kaflanum um kennsluhætti.

2. **Bæta árangur í námi.** Vinna að þessu markmiði hófst haustið 2019.

Til að mæla þetta eru notaðir tveir mælikvarðar, skólasókn og meðaleinkunnir. Sett var markmið um að skólasókn yrði 87% á síðustu þremur önnum (vorönn 2024, haustönn 2024 og miðönn 2024-5. Niðurstaðan var 90,4%. Líkast til má hækka þau markmið.

Sett var markmið um að meðaleinkunn yrði 7 á síðustu þremur önnum. Niðurstaðan var 6,92. Sjá nánar um árangur nemenda varðandi einkunnir og skólasókn í kafla 3.i.

Verkefni og aðgerðir vegna markmiðsins voru.

- **Námskeið fyrir nýnema í notkun upplýsingatækni, námstækni, forvörnum o.fl.** Sjá umfjöllun hér að ofan.
- **Námskeið fyrir kennara með áherslu á virkni og skuldbindingu nemenda.** Námskeið var haldið í ágúst á vinnudögum kennara.
- **Innleiðing laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna - Nýtt vinnulag varðandi geðheilbrigði innan skólans.** Ekki tímabært að meta enn. Þó má benda á að talverður fjöldi nemenda fer til sálfræðings að undirlagi skólans sem greiðir hluta af kostnaði og aukinheldur er gott samstarf við skólahjúkrunarfræðing. Við höfum óskað eftir samþættingu fyrir einn nemanda og nokkrir eru með tengilið í samræmi við lög um farsæld barna.
- **Utanaðkomandi sérfræðingur fenginn til að vinna með íslenskukennurum að endurskoðun íslenskukennslu.** Þetta er hafið og hefur sérfræðingur fundað með stjórnendum skólans og einnig með kennurum í íslensku.

Varðandi rekstrarþætti voru sett fram tvö markmið.

1. **Tölvur, tæki, búnaður og þar með talinn hugbúnaður sé í samræmi við þarfir skólans og í fremstu röð.**

Hér hefur verið haldið áfram. Búið er að setja nýja skjávarpa og hátalara í margar stofur og er fyrirhugað að bæta við í nokkrar viðbótar í vor. Við erum farin að sjá fyrir endann á endurnýjun skjávarpa, þannig að allar stofur verða komnar með öflugan skjávarpa og hátalara.

Verkefni og aðgerðir vegna markmiðsins voru.

- **Endurnýja tölvur, tæki og hugbúnað í skólanum.** Byrjað er á að endurnýja fartölvur fyrir kennara og var að þessu sinni einnig boðið upp á Mac fartölvur. Sjá má nánar um kennsluhætti og hugbúnað í kafla 8.iiiv.
- **Endurnýja 1 – 3 kennslustofur á ári.** Hægar hefur gengið að endurnýja kennslustofur en yfirleitt er ein endurnýjuð á ári. Í sumar á að endurnýja líffræðistofuna og mötuneyti nemenda. Hvað varðar endurnýjun á stofum þá erum við háðir Ríkiseignum um framkvæmdahraða.

2. **Bætt líðan nemenda og aukin þátttaka nemenda í ákvörðunum og stefnumótun.**

Þarna hefur flest gengið eftir.

Verkefni og aðgerðir vegna markmiðsins voru.

- **Skólaþing haldið í desember 2024 með þátttöku allra nemenda og starfsmanna.** Haldið var skólaþing í desember 2024 með þátttöku allra nemenda og sáu kennarar

um framkvæmdina að hluta. Sjá má hluta afraksturs [hér](#). Fyrirhugað er að halda aftur skólaþing í nóvember eða desember 2026.

- **Opnir fundir með nemendum tvisvar á ári.** Skólinn var með tvo [opna fundi](#) á skólaárinu.
- **Kennslukannanir aðra hverja önn og kannanir á þjónustu skólans þriðja hvert ár.** Kennslukönnun fór fram á miðönn 2024-25 og verður næst á haustönn 2025. Könnun á þjónustu í skólanum fer fram skólaárið 2024-2025. Sjá má frekar um kennslukannanir og gæðastarf skólans í kaflanum um sjálfsmat.

3 Starfsemin skólaárið 2024

3.i Mið- og vorönn 2024

Skólahald hófst 3. janúar eftir jólafrí. Önnin gekk vel og lauk með prófum 12.-14. febrúar. Engin formleg brautskráning fór fram en 14 luku námi og fengu stúdentsskírteini. Þeim er jafnframt boðið að taka þátt í brautskráningaráðhöfn að vori.

Fjölmargir nemendur sóttu um skólavist á vorönn 2024 og voru 36 teknir inn. Flestir voru yngri en átján ára og höfðu ekki komist inn í skólann á haustönn 2023. Árangur annarinnar var góður og má sjá þróun skólasóknar og einkunna í töflunni hér fyrir neðan. Athuga þarf að útilokað er að bera svona töflur saman milli skóla nema að sömu aðferðafræði sé beitt við úrvinnslu.

	Einkunnir Vegið meðaltal allra einkunna	Skólasókn raunmæting að frá-dregnum W og L
Haustönn 2016	6,13	87,63%
Vorönn 2017	5,82	85,54%
Haustönn 2017	6,65	88,72%
Vorönn 2018	6,27	87,91%
Haustönn 2018	6,38	90,11%
Vorönn 2019	5,98	87,25%
Haustönn 2019	6,93	91,25%
Miðönn 2019-2020	6,46	92,90%
Vorönn 2020	6,91	89,95%
Haustönn 2020	6,95	92,30%
Miðönn 2020-2021	6,92	91,70%
Vorönn 2021	6,74	92,21%
Haustönn 2021	6,84	93,39%
Miðönn 2021-2022	6,63	91,62%
Vorönn 2022	6,33	89,06%
Haustönn 2022	6,83	92,98%
Miðönn 2022-2023	6,76	91,07%

Vorönn 2023	6,90	92,25%
Haustönn 2023	6,96	93,19%
Miðönn 2023-2024	6,84	91,48%
Vorönn 2024	6,79	90,80%
Haustönn 2024	7,05	92,40%

Á vorönn settu nemendur upp söngleikinn Gæja og píur og sýndu fyrir fullu húsi. Lið FG keppti að vanda í Gettu betur og komst í átta liða úrslit en féll út í keppni við Menntaskólann í Reykjavík. Lið FG í Leiktu betur bar sigur úr þýtum einu sem oftast. Lið FG féll út í undanúrslitum í framhaldsskólakeppni í rafíþróttum (FRÍS).

Vorpróf hófust 22. maí og brautskráning fór fram 1. júní.

Brautskráðust þá 133 nemendur. Af þeim 133 sem útskrifuðust voru 35 af listnámsbrautum, 31 af viðskiptabraut, 20 af náttúrufræðibraut, 16 af félagsvísindabraut, 16 af hönnunar- og markaðsbraut, 13 af íþróttabraut, 8 af alþjóðabrautum og 5 með lokapróf frá FG.

3.ii Haust- og miðönn 2024

Aðsókn að skólanum var góð. Á töflunni fyrir neðan má sjá aðsókn að skólanum síðan 2008.

2024	FG	Val 1	251
	FG	Val 2	367
2023	FG	Val 1	281
	FG	Val 2	395
2022	FG	Val 1	305
	FG	Val 2	389
2021	FG	Val 1	207
	FG	Val 2	323
2020	FG	Val 1	260
	FG	Val 2	370
2019	FG	Val 1	237
	FG	Val 2	313
2018	FG	Val 1	207
	FG	Val 2	317
2017	FG	Val 1	217
	FG	Val 2	366
2016	FG	Val 1	206
	FG	Val 2	244

2015	FG	Val 1	195
	FG	Val 2	290
2014	FG	Val 1	200
	FG	Val 2	300
2013	FG	Val 1	158
	FG	Val 2	274
2012	FG	Val 1	162
	FG	Val 2	292
2011	FG	Val 1	190
	FG	Val 2	273
2010	FG	Val 1	181
	FG	Val 2	247
2009	FG	Val 1	167
	FG	Val 2	366
2008	FG	Val 1	80
	FG	Val 2	282

Eins og ljóst er af þessari töflu komst aðeins hluti umsækjanda inn í skólann. Teknir voru inn 206 nýnemar (þar af 7 á sérnámsbraut) og 33 eldri nemendur.

Haustönnin hófst með starfsmannafundum 19. ágúst. Þann 20. ágúst voru námskeið og deildarfundir. Nýnemum var boðið upp á tölvunámskeið og var það í annað skipti sem það er gert. Önnin gekk vel og var skólasókn og námsárangur ásættanlegur.

Engin lokapróf voru á haustönn en lokapróf í fjarnámi voru 4. – 5. nóvember Brautskráning haustannar fór fram 22. nóvember og brautskráðust 36 stúdentar. Af þeim 36 sem útskrifast eru 9 af viðskiptabrautum, 7 af hönnunar og markaðsbraut, 7 af listnámsbrautum, 5 af náttúrufræðibraut, 4 af félagsvísindabraut, 2 af alþjóðabraut og 2 af íþróttabraut.

Miðönnin hófst með kennarafundi 14. nóvember og kennsla hófst næsta dag. Ekki voru teknir inn neinir nýir nemendur á miðönn. Kennt var óslitið til og með 16. desember. Námsmatsdagur var 17. og 18. desember og jólafrí hófst 19. desember og hófst kennsla aftur 6. janúar 2025.

4 Foreldraráð og samskipti við forráðamenn

Við skólann starfar foreldraráð og situr einn fulltrúi þess skólanefndarfundir. Foreldraráðið hefur síðu á heimasíðu skólans og heldur úti Facebook síðu.

Ekki hefur verið mikil virkni á Facebook síðunni þetta skólaárið en foreldraráðið leggur fundargerðir sínar inn á síðuna, auk þess eru þær settar á heimasíðu skólans. [Fundargerðir foreldraráðs](#)

Forvarnarfulltrúi skólans fundar með Foreldraráðinu og eins hefur ráðið kallað til sín stjórnenda og kennara.

Skólinn hefur lagt áherslu á að halda foreldrum upplýstum í gegnum tölvupósta, á heimasíðu skólans og á samfélagsmiðlum. Á yfirstandandi skólaári hefur foreldraráðið verið til staðar. Foreldraráðið hefur verið ágætlega virkt á þessu skólaári 2024 – 2025. Fundað hefur verið reglulega yfir árið og það hefur verið fín mæting á fundi.

Foreldrafélagið bauð nemendum skólans upp á fræðsluerindi í byrjun mars fyrir alla nemendur skólans og stefnt er á að halda foreldrafræðslu í gegnum netið um fjárhættuspílahegðun og aukið aðgengi að vímuefnum og áfengi í lok apríl.

Félagið styrkti einnig veitingarsölu á Imbrudögum og gáfu upp í listaverk sem er fyrirhugað á vegg skólans í tilefni 40 ára afmæli FG.

Samskipti við forráðamenn fara fram á þrjá vegu.

Í fyrsta lagi með fundum með foreldrum eins og fundi með foreldrum nýnema og fræðslufundum í samstarfi við foreldraráðið.

Í öðru lagi með tölvupósti en skólinn sendir af og til tölvupósta til forráðamanna með upplýsingum.

Hlutverk foreldraráðsins hefur aukist í tengslum við gæslu á skóladansleikjum og einnig hafa þeir útvegað verðlaun til nemenda sem hafa verið dregnir úr svokölluðum „fyrirmyndarpotti“.

5 Sjálfsmat

Tilgangur sjálfsmats er að skólastarf, menntun og starf kennara þróist þannig að námið verði nemendum farsæll undirbúningur undir líf, störf og frekara nám.

Stefna um sjálfsmati skólans og vinnu við það er birt á heimasíðu og niðurstöðum er miðlað í árlegri sjálfsmatsskýrslu. Megintilgangur með sjálfsmati FG er að auðvelda starfsfólki skólans að vinna að bættu skólastarfi, meta hvort markmiðum skólans hafi verið náð og tryggja að nám við Fjölbautaskólans í Garðabæ sé framúrskarandi.

Gæðaráð skólans hefur yfirumsjón með sjálfsmati. Ráðið kemur saman á samráðsfundum einu sinni í viku þar eru helstu áherslur skólastarfsins mótaðar og farið er yfir reglubundna þætti. Í ráðinu sitja skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, verkefnastjóri, tveir kennslustjórar, námsráðgjafar, skrifstofustjóri og félagsmálafulltrúi. Þessi skipan tryggir að raddir flestra, bæði starfsmanna og nemenda, komi að stefnumótun, ákvörðunum og framkvæmd sjálfsmats hverju sinni.

Árið 2024 var megináhersla á að viðhalda þeim matsþáttum sem verið hafa þungamiðjan í innra mati skólans. Þar má helst nefna úttekt á námsárangri nemenda, kennslukannanir, könnun á líðan starfsmanna, úttekt á námsmati og kennsluáætlunum. Þá var eftirfylgd með viðveru nemenda aukin. Árleg úttekt á einni námsgrein fór fram á vorönn og varð stærðfræði fyrir valinu þetta skólaár. Til viðbótar venjubundnu mati var fenginn reyndur utanaðkomandi kennari til að skoða samræmi námsmats og áfangalýsinga.

Miklu skiptir að skólar leitist við að koma til móts við ólíkar þarfir á markvissan hátt og meta reglulega starf sitt og stöðu. Því þurfa matsaðferðir að vera í stöðugri þróun og geta orðið hvati að breytingum. Matsaðferðir skólans eru í stöðugri mótun og miða að því að styrkja starfsmenn skólans til að rýna í störf sín, stunda starfþróun og bregðast við með jákvæðum hætti.

Spurningalisti sem lagður er fyrir nemendum í viðhorfskönnun aðra hverja önn hefur þróast, margir hafa komið að gerð spurninganna og leitað hefur verið til fagaðila við hönnun listanna. Spurningar eru bæði lokaðar og opnar og nemendur fá tækifæri til að tjá skoðun sína á fyrirkomulagi áfanga, kennsluáðferðum og öðrum þáttum sem þeir telja mikilvæga.

Úttektir á einni námsgrein gefa kennurum tækifæri til að skoða frammistöðu í starfi, meta styrkleika sína og veikleika og íhuga hvaða breytingar þeir vilja gera. Lesa má niðurstöður þessara úttekta í [sjálfsmatsskýrslum skólans](#).

Ytri úttekt á framhaldsskólum skal fara fram á fimm ára fresti. Slík úttekt fór fram á FG árið 2019 og var fylgt eftir með umbótaáætlun. Niðurstöður má sjá [hér](#) og umbótaáætlun [hér](#).

6 Námsframboð

Allar stúdentsbrautir eru þriggja ára brautir og var í fyrsta skipti boðið upp á slíkar brautir á haustönn 2015. Brautirnar voru tilbúnar af hálfu skólans á vorönn 2015 og Menntamálastofnun sendi þær til ráðuneytisins í lok sömu annar. Samþykki ráðuneytisins var veitt í byrjun árs 2017. Jafnframt var starfsbraut skólans fyrir fatlaða nemendur samþykkt á sama tíma. Samþykki mennta- og barnamálaráðuneytisins fyrir styttri brautum, menntabraut og framhaldsskólabraut, var veitt snemma á árinu 2018. Þannig eru nú allar brautir skólans samþykktar.

Þriggja ára brautir (stúdentsprófsbrautir) í FG eru 202 einingar og var boðið upp á eftirfarandi brautir á árinu 2024:

Námsbrautir

Alþjóðabraut (stúdentsbraut)


- alþjóðasamskiptasvið
- menningarsvið
- viðskiptasvið
- Félagsvísindabraut (stúdentsbraut)
- Hönnunar- og markaðsbraut (stúdentsbraut)
- Íþróttabraut (stúdentsbraut)
- Listnámsbraut (stúdentsbraut)
 - fata- og textílhönnunarsvið
 - dansvið (nemendur ljúka 60 einingum frá viðurkenndum dansskóla í samráði við FG)
 - leiklistarsvið
 - myndlistarsvið
 - söng- og tónlistarsvið (nemendur ljúka 60 einingum frá viðurkenndum söng- eða tónlistarskóla í samráði við FG)
- Náttúrufræðibraut (stúdentsbraut)
 - heilbrigðissvið
 - tæknisvið
- Viðskiptabraut (stúdentsbraut)
 - viðskiptasvið
- Sérnámsbraut fyrir fatlaða nemendur (4 ár)
- Styttri brautir
 - Framhaldsskólabraut
 - Menntabraut

7 Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna

7.i Stærð húsnæðis

- 5.685 fermetrar

7.ii Fjöldi nemenda í dagskóla 2014-2024



7.iii Brotthvarf dagskólanemenda vor og haust árin 2014–2024.*

Ár	Vor %	Haust %	Miðönn %**	Alls á ári
2014	11/678=1,6%	18/766=2,3%		29
2015	17/672=2,5%	11/725=1,5%		28
2016	11/642=1,7%	11/736=1,5%		22
2017	11/699=1,6%	13/722=1,8%		24
2018	9/659=1,4%	8/725=1,2%		17
2019	4/629=0,6%	5/712=0,7%		9
2020	1/699=0,1%	2/735=0,3%	9/633=1,4%	12
2021	3/675=0,4%	0/744=0%	12/698=1,7%	15
2022	5/682=0,7%	5/722=0,7%	10/673=1,5%	20
2023	0/658=0,0%	1/729=0,14%	10/665=1,5%	11
2024	0/677=0,0%	2/740=0,27%	9/685=1,3%	11

* Byggt á skráningu skólaráðs og tilkynningum til MRN


** Talið er brottfall á þeirri önn sem hófst í nóvember 2024 og lauk í febrúar 2025.

Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur reynt að mæla brottthvarf á annan hátt en viðurkennir jafnframt að þetta er mjög erfitt. Tölur ráðuneytisins fyrir FG eru aðrar en skólans enda er talning mjög ólík. Hjá MRN er reynt að meta hversu margir hverfa frá námi. Niðurstaða ráðuneytisins fyrir skólaárin frá 2019-2023 má sjá á meðfylgjandi töflu. Eins og sést er brottfall nemenda í FG lítið en talsverður hópur flytur sig á milli skóla.


Brotthvarf nýnema í FG samkvæmt mennta- og barnamálaráðuneytinu

	Brotthvarf alm.	Brotthvarf í FG	Tilfærsla alm.	Tilfærsla í FG
2019-2020	4%	0,00%	8,30%	5,40%
2020-2021	5,70%	1,50%	10,70%	12,20%
2022-2023	4,30%	0,00%	10,90%	8,30%
2023-2024	4,70%	1,00%	11,20%	8,90%

7.iv Kynjaskipting á haustönn í dagskóla frá 2015-2024



7.v Dreifing dagskólanemenda á bæjarfélög eftir sveitarfélögum haust 2024



7.vi Meðalstærð námshópa á haustönn í dagskóla 2018-2024

Hópar	Haust 2018	Haust 2019	Haust 2020	Haust 2021	Haust 2022	Haust 2023	Haust 2024
Viðmiðunarstærð 25-28	25,5	25	25,9 (102 hóp.)	24,5 (107 hóp.)	25,1 (114 hóp.)	26,1 (112 hóp.)	27,5 (109 hóp.)
Viðmiðunarstærð 22-26	20,8	20,8	21,1 (11 hóp.)	21,6 (11 hóp.)	20,1 (10 hóp.)	19,1 (8 hóp.)	23,6 (8 hópar)
Viðmiðunarstærð 15-18	16,4	14	15,4 (14 hóp.)	15,7 (19 hóp.)	17,6 (16 hóp.)	15,9 (17 hóp.)	15,5 (17 hópar)
Viðmiðunarstærð 12-14	9,9	11,8	11,2 (6 hóp.)	11,0 (5 hóp.)	12 (5 hóp.)	11,0 (6 hóp.)	12,6 (5 hópar)
Fornámsáfangar 15-18	13,2	12	8,5 (2 hóp.)	17 (1 hóp.)			

8 Starfsfólk

8.i Skólanefnd

Eftirfarandi skólanefnd starfaði árið 2024. Skipunartími hennar er nú liðinn og hefur ekki verið skipuð ný nefnd.

- Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður
- Frosti Logason, varaformaður
- Kristín Soffía Þorsteinsdóttir, Davíð Freyr Jónsson tók við á haustönn 2023
- Sara Dögg Svanhildardóttir
- Sigurjón Jónsson, Inga Amal Hasan leysti hann af árið 2024
- Harpa Valdimarsdóttir, fulltr. kennara, frá haustönn 2023
- Guðrún Fjola Ólafsdóttir, fulltr. nemenda, frá haustönn 2023, Kolfinna Björt Þórðardóttir tók við í júní 2024
- Elísabet Rós Birgisdóttir, fulltr. foreldraráðs, frá haustönn 2023, Erla Hrönn Geirsdóttir tók við í ágúst 2024

8.ii Starfsheiti, fjöldi og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kynjum í árslok 2024

Starfsheiti	Karlar		Konur		Samtals	Hlutfall samtals
	Fjöldi	Starfs-hlutfall	Fjöldi	Starfs-hlutfall		
Aðstoðarskólameistari			1	100%	1	100%
Áfangastjóri			1	100%	1	100%
Bókavörður			2	150%	2	150%
Fjármálastjóri			1	100%	1	100%

Framhaldsskólakennari	13	1275%	34	3340%	47	4615%
Kerfisstjóri	1	100%			1	100%
Matráður			1	100%	1	100%
Náms- og starfsráðgjafi			2	200%	2	200%
Skólafulltrúi			1	75%	1	75%
Skólaliðar			3	300%	3	300%
Skólameistari	1	100%			1	100%
Skrifstofustjóri			1	100%	1	100%
Stuðningsfulltrúi			1	80%	1	80%
Umsjónarmaður fasteigna	1	100%			1	100%
Verkefnisstjóri	1	50%			1	50%
Samtals	17	1625%	48	4645%	65	6270%

8.iii Fjöldi stöðugilda skipt eftir kennurum, stjórnendum og öðrum starfsmönnum

- Stjórnendur 3,5
- Kennarar 46,15
- Aðrir starfsmenn 13,05

8.iv Hverjir teljast til yfirstjórnar skólans

- Skólameistari – Kristinn Þorsteinsson
- Aðstoðarskólameistari – Anna María Gunnarsdóttir frá 1. ágúst 2023
- Áfangastjóri – Kristín Helga Ólafsdóttir frá 1. janúar 2018
- Verkefnastjóri – Guðmundur Stefán Gíslason (50%) frá 1. ágúst 2010

8.v Hverjir teljast til stjórnenda skólans

- Fjármálastjóri – Sigrún Jósefsdóttir
- Skrifstofustjóri – Hrafnhildur Guðmundsdóttir
- Umsjónarmaður fasteigna – Stefán Kristófersson
- Kennslustjórar

8.vi Kynjaskipting starfsfólks

- Konur 47 73,8%
- Karlar 17 26,2%

8.vii Kennsluhættir í FG

Í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ er mikið lagt upp úr fjölbreyttum kennsluháttum og fjölbreyttu námsmati. Kennsluaðferðir eins og leiðsagnarnám, samvinnunám, hlutverkaleikir og margt annað er notað af kennurum skólans. Sama má segja um námsmat. Kennarar nota jafningjamat, sjálfsmat, próf og allskonar matsaðferðir til að meta nám nemenda. Á síðastliðnum árum hefur verkefnamiðað nám aukist verulega og lokapróf hafa alveg horfið í dagskóla, þó vissulega sé enn nóg af prófum í

skólanum. Lokapróf eru þó í öllum áföngum í fjarnámi. Eðlilega eru ekki allir sammála um þetta og einhverjir vilja taka aftur upp lokapróf. Slíkar ákvarðanir eru í höndum kennslustjóra og kennara og ekkert kemur í veg fyrir að nota lokapróf ef kennarar telja þá leið vænlegri. Einhver umræða hefur verið um hvort ætti að taka upp lokapróf í ákveðnum áföngum til að undirbúa nemendur betur undir háskólanám þar sem slíkt námsmat er notað.

Ljóst er að gervigreind mun breyta öllu skólastarfi, vandinn er að ekki er vitað hvernig. Í FG hefur gervigreind verið mikið rædd og haldin námskeið og fyrirlestrar um efnið. Þetta skólaárið var starfandi hópur sem prófaði sig áfram með notkun gervigreindar. Skólinn mun áfram fylgjast með þróun mála.

Skólinn mun halda áfram að þróa kennsluhætti og námsmat á næstu árum og fylgjast vel með því sem er að gerast í þróun náms og kennslu.

9 Alþjóðasamstarf Fjölbrautaskólans í Garðabæ skólaárið 2023-2024

Rakel Linda Gunnarsdóttir er alþjóðafulltrúi skólans og hefur umboð skólans til að stýra erlendum samskiptum fyrir hans hönd.

Skólinn leggur mikla áherslu á að efla erlent samstarf og hefur það aukist umtalsvert undanfarin ár. Það hefur sýnt sig að með aukinni þátttöku í erlendu samstarfi, eykst hróður skólans, bæði innan hans sem utan. Skólinn hefur svokallaðan aðildarsamning (e. accreditation) í Erasmus+ styrkjaáætlun Evrópusambandsins sem auðveldar aðgengi að styrkjum á vegum þess, en eykur einnig og bætir m.a. utanumhald og gæðaviðmið. Aukin þátttaka í Erasmus+ áætluninni bætir alþjóðlega ímynd skólans en er einnig jákvæður hvati fyrir nemendur og starfsfólk, veitir tækifæri til skiptináms og nýsköpunar í kennslu svo eitthvað sé nefnt.

Skólinn hefur að leiðarljósi með alþjóðlegu samstarfi að veita bæði nemendum og starfsfólki tækifæri til að efla tengslanet sitt og fræðast um starfshætti og nám í skólum í Evrópu. Alþjóðafulltrúi skólans hvetur bæði starfsfólk og nemendur til þátttöku í verkefnum á vegum Erasmus+ áætlunarinnar, veitir bæði nemendum og starfsfólki aðstoð við þátttöku í þessum ferðum, þar sem hann leitar að möguleikum, bendir á leiðir og sér um útfyllingu umsókna og skýrsluskil. Með því að skólinn hefur fengið Erasmus+ aðild (accreditation) eru leiðir að fjármagni og styrkjum auðveldari, en það hefur einnig leitt til þess að fleiri sækjast eftir þessum fjármunum, sem hefur í för með sér að okkar stofnun, ásamt öðrum, fær minni hlutdeild. Þetta skapar þrengri skilyrði fyrir frekari alþjóðastarf, þar sem fjármagnið er ekki nægjanlegt.

Í skólanum eru fjölbreytt verkefni farin að festa sig í sessi en alltaf bætast við ný tækifæri og leiðir til samstarfs við skóla í Evrópu en ásókn í samstarf við FG er mjög mikil, þá berast fjölmargar fyrirspurnir vikulega um stofnun samstarfs, nemendaskiptaverkefni, kennaraskipti, heimsóknir svo eitthvað sé nefnt.

Skólinn er nú þegar með fjölmörg verkefni í gangi og hefur verið í samstarfi við eftirfarandi skóla:

- Skedsmo Videregående skole (Noregur)
- IES de Nosa Senora dos Ollos Grandes (Spánn)

- Il Ripamonte Leonardo da Vinci (Ítalía)
- Le Lycée JBLT (Frakkland)
- Het Amsterdam Lyceum (Holland)

Samstarfsverkefni sem heitir “Cultural heritage” var haldið áfram, þriðja árið í röð. Það er verkefni milli FG, Skedsmo Videreregående skole í Lilleström og IES Nosa Senora dos Ollos Grandes í Lugo á Spáni. Þetta verkefni hefur verið árangursríkt og gefið nemendum tækifæri til að kynnast skólunum og menningu þeirra, stuðlað að vinatengslum en einnig fræðslu um hin ýmsu málefni. Hópur nemenda fór frá FG til Spánar í október og til Noregs í janúar og tók skólinn síðan á móti hópnum í apríl. Á árinu var einnig stofnað til samstarfsverkefnis við franskan skóla í Fougères í Frakklandi og tók skólinn á móti tveimur nemum úr þeim skóla, pilti og stúlku. Stefnan er síðan að senda tvo nema í þeirra skóla í um þrjár vikur á haustönn.

Nokkrir kennarar komu í starfsspeglun (e. job shadowing) og fyrir næsta ár er stefnan að senda starfsmenn erlendis með sama fyrirkomulagi. Á árinu varð hlé á samstarfi við hollenska skólann en vonast er til að geta haldið því áfram næstkomandi haust, það sama á við um ítalska skólann í Lake Como.

Samstarf við Eduardo Marin hefur verið í föstum skorðum undanfarin ár og tók skólinn á móti hóp á hans vegum í apríl.

Alþjóðafulltrúi sótti nokkrar vefstofur/námskeið á skólaárinu sem voru í boði hjá Rannís og snúa að nám og þjálfunarverkefnum eða samstarfsverkefnum. Einnig berast fjölmargar fyrirspurnir í tölvupósti vikulega og reynt er að svara þeim eftir bestu getu. Þá er vert að hafa í huga að 25% starf alþjóðafulltrúa veldur því að skólanum er þrengri stakkur búinn til að sinna alþjóðlegum verkefnum í auknum mæli.

Þátttaka stofnunarinnar í alþjóðlegu samstarfi hefur aukist til muna síðustu árin og teljum við að það hafi leitt til jákvæðra áhrifa á skólamenninguna og á andblæ skólans.

10 Fjármál skólans

Fjárhagsstaða skólans hefur verið traust undanfarin ár og skólinn oft verið rekinn með afgangi. Síðustu þrjú ár hefur hallað undan fæti og var reksturinn í ár neikvæður um 50 milljónir króna. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 1,3 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 152,6 milljónir. Ástæða hallreksturs má að mestu rekja til þriggja þátta. Í fyrsta lagi er mikill halli á sérnámsbraut skólans. Framlög til deildarinnar standa ekki undir launakostnaði og er þá ýmislegt annað ótalið. Í öðru lagi vor talsverð veikindi á árinu 2024 og á skólinn ekki annars úrkosta en að fá inn afleysingu fyrir forföll kennara og er þau yfirleitt greidd í yfirvinnu. Í þriðja lagi voru teknir inn of margir nemendur þannig að skólinn skilar of mörgum ársnemendum.

Þegar hefur verið dregið úr útgjöldum og sést það á rekstrarreikningi skólans. Dregið hefur verið almennt úr útgjöldum svo sem risnu og gjöfum til starfsmanna. Einnig hefur verið dregið umtalsvert saman í fjarkennslu og verður dregið enn frekar úr henni á haust- og miðönn 2025.

Útgjaldarammi skólans á fjárlögum 2025 er 1.337,5 milljónir. Þar er gert ráð fyrir 64 milljónum í eigin tekjur og 16,1 milljónum í eignakaup. Rekstraráætlun gerir ráð fyrir að rekstur verði í jafnvægi á árinu 2025.